

# Öryggisblað

## 01. Vörunafn: Túrbó Bílasápa

**Framleiðandi:** Sámur Sápugerð ehf  
Lyngás 11  
210 Garðabæ  
Sími: 892 9303

**Innihaldsupplýsingar:** Túrbó Bílasápa inniheldur eftirfarandi efni, sem falla undir reglugerð 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð hættulegra efna og vörutegundir, sem innihalda slík efni.

<u>Efni:</u>	<u>Varnaðarmerki</u>	<u>H setn.</u>	<u>V. setn.</u>
Nitriлотriessigsaure > 5%	Xi (ertandi)	H 36/38	2-26

*Túrbó Bílasápa flokkast því samkvæmt reglugerð sem:*

*Ertir augu og húð. Berist efnið í augu þá skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

## 03. Heilsuhætta vegna notkunar.

Inntaka: Veldur ætingu í munni, koki, vélinda og maga.  
Húð: Snerting við húð veldur ertingu.  
Augu: Slettur í augum valda sviða og ætingu.

## 04. Skyndihjálp.

Innöndun: Ferskt loft. Skolið nef og munnhol með vatni. Leitið lækni.  
Inntaka: Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið **ekki** uppsölur! Strax á sjúkrahús.  
Húð: Slettur á húð ber að skola af með vatni.  
Augu: Slettur í augu ber að skola strax með miklu vatni og leita lækni.

## 05. Aðgerðir við bruna.

Almennt: Við bruna er hægt að nota allar tegundir slökkviefna.  
Forvarnir: Ílát í nánd við eld fjarlægð eða kæld með vatni.

## 06. Varnaraðgerðir við leka.

Persónur: Gæta þess að efnið komist ekki í snertingu við húð og augu.  
Umhverfis: Við mikinn leka ber að binda efnið með sandi, sagi eða kísilgúr til að hindra að það berist út í umhverfið. Setja í lokað ílát og merkja með innihaldi. Senda síðan til förgunar skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994.  
Við lítinn leka er best að skola efninu í niðurfall með miklu vatni.

## 07. Meðhöndlun.

Almennt: Notið gúmmíhanska og viðeigandi fatnað við notkun á efninu.  
Geymsla: Geymist þar sem börn ná ekki til, ekki nálægt mat- eða fôðurvöru.

Túrbó Bílasápa

1/2

# Öryggisblað

## 08. Persónuvarnir/mengun.

Almennt: Notið gúmmihanska og viðeigandi fatnað við notkun á efninu.

## 09. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Útlit: Brúnleitur vökvi.  
Lykt: Sápulykt.  
Sýrustig: Óþynnt pH 10,5, +- 0,2  
Suðumark: U.þ.b. 100°C.  
Bræðslumark: < Ekki þekkt  
Blossamark: Ekkert.  
Eðlisþyngd 1,09 kg/ltr.  
Leysanleiki: Blandast vatni í öllum hlutföllum.  
Þykkt: U.þ.b. sama og vatns.

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Almennt: Hættulaust.

## 11. Eiturefnaupplýsingar.

Almennt: Engar þekktar.

## 12. Umhverfisupplýsingar.

Túrbó Bílasápa inniheldur efni, sem eru auðleysanleg í vatni, brotna hratt niður (> 90% á 28 dögum) og inniheldur engin efni sem safnast fyrir í sjávarlífverum. Hættumörk fyrir sjávarlífverur eru: Fyrir Daphnia EC<sub>50</sub> >10 ppm og Regnbogasilung er LC<sub>50</sub> > 100 ppm (magn yfirfært og umreiknað frá hráefnum).

## 13. Sorplosun.

Tómar umbúðir, sem ekki er greitt skilgjald fyrir, skal farga skv. §43 í mengunarvarnarreglugerð 48/1994. Gallaða vöru skal senda aftur til framleiðanda.

## 14. Flutningur.

Á landi: ADR: Ekki flokkað.  
Á sjó: IMDG-kóði: Ekkert.

## 15. Upplýsingar um lög og reglugerðir.

Lög nr.: 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.  
Reglugerðir nr.: 498/1996 um öryggisleiðbeiningar vegna efnotkunar á vinnustöðum. 496/1996 um efnotkun á vinnustöðum. 521/1994 um þvotta- og hreingerningaefni. 48/1994 um mengunarvarnir. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni:

Varnaðarmerki: *Xi (Ertandi)*

Hættu- og varnaðarsetningar: *Ertir augu og húð. Berist efnið í augu þá skolið strax með miklu vatni og leitið lækni. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

## 16. Dags./útgáfa: 06.12.2009

**Sámur Sápugerð ehf**